

## Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (00 Æðsta stjórn ríkisins, 01 Forsætisráðuneyti og 06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þá hluta frumvarps til fjárlaga sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 21. október 2010. Á fund nefndarinnar komu Karl M. Kristjánsson frá skrifstofu Alþingis, Óðinn Helgi Jónsson og Eydís Eyjólfsdóttir frá forsætisráðuneyti og Jón Magnússon frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

### *Æðsta stjórn ríkisins.*

Nefndin fjallaði um æðstu stjórn ríkisins, Alþingi, stofnanir þess og dómstólana.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 2.107 m.kr. framlögum til Alþingis sem er 6,7% lækkun frá fjárlögum þessa árs og jafngildir 171,5 m.kr. lækkun að raungildi. Nefndin bendir á að á síðustu tveimur árum hafi verið dregið verulega úr starfsemi Alþingis og fjárveitingar til þingsins hefðu lækkað um 315 m.kr. eða 15% að raungildi árin 2009 og 2010, þrátt fyrir meira álag á þingið og starfslið þess en nokkru sinni áður. Alþingi gekk því á undan með góðu fordæmi í niðurskurði útgjalda sem fólu á þessum tveimur árum í sér að laun þingmanna voru lækkuð, dregið verulega úr kostnaði við alþjóðasamstarf þingmanna, kostnaðargreiðslur til þingmanna voru lækkaðar, móttökum erlendra gesta frestað og heimsóknir og risna á vegum forseta stórminnkuð og útgjöld skrifstofunnar lækkuð sem og laun starfsmanna. Meiri hlutinn telur að ekki sé unnt að ganga svo langt í niðurskurði eins og lagt er til í fjárlagafrumvarpinu ef Alþingi á að geta sinnt margþættu hlutverki sínu með sóma. Þá bendir meiri hlutinn á að það sé ekkert sem bendi til þess að það aukna álag sem verið hefur síðustu ár muni minnka á næstu árum. Fyrir nefndinni kom fram að innan forsætisnefndar sé fullur vilji til að Alþingi leggi sitt af mörkum áfram til hagræðingar og sparnaðar og hefur forsætisnefnd því lagt til í tillögum til fjárlaganefndar að framlög til Alþingis verði lækkuð um 60 m.kr. til viðbótar við niðurskurð fyrri ára og telur meiri hlutinn þær tillögur raunhæfari en þær sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Nefndin fjallaði einnig um þær aukafjárveitingar sem lagðar eru til frumvarpi til fjárlagalaga vegna kostnaðar Alþingis við gerð skýrslu lögfræðistofunnar Mischon de Reya um Icesave-málið, vegna kostnaðar við útgáfu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og vegna kostnaðar við undirbúning stjórnlagabings, þjóðfund og kosningar til stjórnlagabings sem er á fjárheimild dómsmála- og mannréttindaráðuneytis.

Þá fjallaði nefndin um raunlækkun til stofnana Alþingis, þ.e. umboðsmanns Alþingis sem er 8,4% og til Ríkisendurskoðunar sem er 8,4% frá fjárlögum ársins 2010. Meiri hlutinn telur mikilvægt að þessar stofnanir sem gegna grundvallarhlutverki í að veita stjórnvöldum aðhald með vönduðu eftirliti fái nauðsynlega fjármuni til þess að rækja það hlutverk sitt.

Meiri hlutinn styður endurskoðun á skipulagi dómstóla sem legið hefur fyrir í nokkur ár og tekur einnig undir þörfina á því að dómurum verði fjölgað til að mæta aukningu dómsmála sérstaklega í tengslum við bankahrunið haustið 2008 en fyrir liggur að eitt af þingmálum ríkisstjórnarinnar á komandi vetri er frumvarp sem felur í sér tillögu um fjölgun héraðs- og hæstaréttardómara. Fyrir nefndinni kom fram að verið er að vinna að því í dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og forsætisráðuneyti að meta hve mikil þörf er á fjölgun dómara og aðstoðarmanna dómara. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir þeirri fjölgun

eða frumvarpi til fjárukalaga en fyrir nefndinni kom fram að verið er að vinna að tillögum sem munu koma til meðferðar fjárlaganefndar. Þá er einnig gert ráð fyrir því að fram komi breytingartillögur við frumvarp til fjárukalaga vegna kostnaðar við störf saksóknara Alþingis.

### ***Forsætisráðuneyti.***

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2011 eru áætluð 936 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 32 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 904 m.kr. Niðurskurður hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins er 7,6%.

Fyrir nefndinni kom fram að verið er að ljúka vinnslu þeirra mála sem óbyggðanefnd var með til meðferðar þegar bankahrunið varð og ákveðið var að fresta því að taka ný mál til meðferðar. Starfsmenn nefndarinnar hafa verið færðir í önnur verkefni innan stjórnarráðsins til þess að halda í sérhæfða þekkingu þeirra.

### ***Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.***

Heildargjöld dómsmála- og mannréttindaráðuneytis árið 2011 eru áætluð 25.185 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.678 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 19.564 m.kr. og lækka um 302 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs.

Á fundum nefndarinnar gerði fulltrúi ráðuneytisins grein fyrir því hvernig ráðuneytið hygðist mæta hagræðingarkröfum frumvarpsins en heildarlækkunin á ráðuneytið nemur 7,3% af fjárlögum ársins í ár. Almenn markmið frumvarpsins miðast við 9% hjá stjórnarsýslustofnunum og 5% í löggæslu og eru útfærð eftir forgangsroð og áherslum ráðuneytisins sem geta því falið í sér mismiklar skerðingar. Þannig er skorið niður um 3,6% hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins, 8,1% hjá héraðsdómstólunum, 4,5% hjá Hæstarétti, 8% hjá Landhelgisgæslunni og 5% hjá lögreglunni.

Nefndin hefur í álitum sínum til fjárlaganefndar jafnan lagt áherslu á að við þann niðurskurð sem nauðsynlegur er í ríkisútgjöldum sé mikilvægt að standa vörð um grunnþjónustuna í landinu, þ.e. dómstóla, löggæslu og fangelsismál sem eru grundvallarstoðir réttarríkisins. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir tímabundinni aukningu útgjalda til embættis sérstaks saksóknara, þ.e. úr 317 m.kr. á þessu fjárlagaári í 1.178 m.kr. á því næsta til þess að ljúka í árslok 2014 öllum rannsóknum og saksókn mála sem tengjast bankahruninu. Telur meiri hlutinn það mikilvægan hluta þess uppgjors er fram þarf að fara vegna bankahrunsins og er því sammála þeirri áherslu að ljúka rannsókn mála er tengjast bankahruninu sem fyrst.

Fyrir nefndinni kom fram að verið er að huga að endurskoðun gjaldtöku við þingfestingu mála og að gjaldtaka verði í meiri tengslum við þá fjárhagslegu hagsmuni sem eru í húfi við viðkomandi mál til þess að mæta þeim útgjaldaauka er hlýst af þeirri fjölgun mála sem ljóst er að munu koma til kasta dómstóla á næstu missirum. Þá kom fram að verið er að leggja mat á þörf á fjölgun dómara og aðstoðarmanna dómara.

Síðustu ár hafa verið gerðar breytingar á skipulagi lögreglunnar sem og unnar tillögur að fleiri breytingum ásamt því að mikið hefur verið hagrætt í rekstri hennar. Meiri hlutinn telur því eðlilegt að niðurskurður hjá lögreglunni sé minni en hjá öðrum stofnunum. Meiri hlutinn telur þó mikilvægt að skoðað áfram hvort unnt sé að styrkja starfsemi lögreglunnar og þar með þjónustuna við borgarana og að við þá vinnu verði m.a. litið til skýrslu sem unnin var fyrir ráðherra um skilgreiningu á grunnþjónustu lögreglunnar.

Nefndin fjallaði nokkuð um rekstur Landhelgisgæslunnar og kom fram að þrátt fyrir að mikill niðurskurður hefði átt sér stað og reksturinn hefði verið þungur væri staðan ágæt þar sem gæslunni hefur gengið mjög vel að afla tekna erlendis frá vegna sérverkefna sem gæslan hefði tekið að sér, m.a. fyrir Landamærastofnun Evrópu og eru það sértekjur upp á 7-800 m.kr. í ár sem mynda nálægt 300 m.kr. rekstrarafgang sem mun nýtast á næsta ári. Kom fram

að það hefði m.a. gert gæslunni kleift að halda starfsfólki í þjálfun og komið í veg fyrir uppsagnir. Þá voru einnig hugmyndir um að nýta tekjuaukann til leigu á þyrlu svo að gæslan geti tekið að sér fleiri sérverkefni.

Nefndin ræddi þær breytingar sem hafa orðið á liðnum Opinber réttaraðstoð en sá liður hefur að mestu færst til félags- og tryggingamálaráðuneytis með málum er varða greiðsluaðlögun sem hafa færst til nýs embættis umboðsmanns skuldara.

Framsetning frumvarpsins er ekki í samræmi við þá lagabreytingu er gerð var í september sl. á lögum um Stjórnarráð Íslands og kveður á um sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis við samgönguráðuneyti í nýtt innanríkisráðuneyti um næstu áramót. Nefndin fjallaði ekki sérstaklega um þá sameiningu við meðferð fjárlaganna en fyrir liggur að verið er að vinna að undirbúningi þeirra breytinga hjá viðkomandi ráðuneytum auk þess sem gert er ráð fyrir því að í meðförum Alþingis verði lagðar til breytingar á frumvarpinu til samræmis við hana. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að stofnanaumhverfi viðkomandi ráðuneyta verði endurskoðað við sameininguna með áherslu á að efla þjónustuna við borgarana, auka skilvirkni og betri nýtingu fjármuna.

Arndís Soffía Sigurðardóttir skrifar undir álitnið með fyrirvara.

Alþingi, 19. nóv. 2010.

Róbert Marshall. form.  
Arndís Soffía Sigurðardóttir, með fyrirvara,  
Auður Lilja Einarsdóttir,  
Valgerður Bjarnadóttir,  
Þráinn Bertelsson.

